

Dags eftirlits	16.8.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Arctic Sea Farm hf	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Aðalstræti 20	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	700807-0450	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Steinunn G. Einarsdóttir	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Elvar Víkingsson	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit en tvær ábendingar voru settar fram er varða að áætlun um meðhöndlun úrgangs vantar og að uppfæra þarf vöktunaráætlun m.t.t. þeirra eldissvæða sem heimiluð eru í starfsleyfi.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Um er að ræða fiskeldisstöð Arctic Sea Farm, Arnarfirði. Fiskeldisstöðin er kvíaeldisstöð með leyfi fyrir eldi á laxfiskum í sjókvíum á tveimur eldissvæðum, Lækjarbót og Hvestudal. Heimilt er að ala allt að 4.000t lífmassa í stöðinni á hverjum tíma, í kynslóðaskiptu eldi.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir nýtt starfsleyfi frá því mars 2022 og minnt á skiladaga skv. því
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Umfang, starfssvæði og breytingar á rekstri
- Áætlanir og trygging vegna bráðamengunar hafs og stranda
- Meðhöndlun úrgangs og mengandi efna
- Skráningar og vöktunarmælingar
- Viðbragðsáætlun vegna rekstrarstöðvunar - kynning
- Stjórnvaldssektir - kynning
- Önnur mál
- Skoðunarferð

Farið var yfir starfsleyfið sem gefið var út þann 17. mars sl. Minnt var á skiladaga skv. því og þær skyldur sem í starfsleyfinu felast. Þetta er fyrsta eftirlit til rekstraraðila á þessari staðsetningu en starfsemi hófst í stöðinni í maí sl. Einnig var farið yfir upplýsingar um tengilið rekstraraðila og þær skráðar.

Áhættumat 2022 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, fylgdi fundarboði eftirlits og var það útfyllt miðað við núverandi stöðu, að eftirliti loknu.

Enginn fiskur er í Lækjarbót en um 350kg voru komin í kvíar í Hvestudal er eftirlitið fór fram. Fyrstu seiðin fóru út þann 27. maí sl. og restin 7. júní. Tilkynning kom frá rekstraraðila þann 9. maí um fyrirhugaða útsetningu seiða. Skv. gr. 3.2 í starfsleyfi skal eftirlitsaðila tilkynnt um útsetningu seiða með að lágmarki tveggja vikna fyrirvara.

Allar áætlanir sem kröfur eru um í starfsleyfi hafa verið sendar eftirlitsaðila og eru þær einnig vistaðar í EQS gæðakerfi rekstraraðila og eru aðgengilegar starfsmönnum þar. Minnt er á að uppfæra þarf áætlanirnar m.t.t. breytinga á verklagi, starfsmönnum og símanúmerum ef við á. Starfað er eftir ASC staðlinum og verður stöðin tekin út, af úttektaraðilum staðalins þegar tilskildum lífmassa er náð. Aðrar stöðvar rekstraraðila hafa gilda ASC vottun.

Fóðurgjöf er sjálfvirk og myndavélakerfi í kvíum sem tengist stjórnstöð á Þingeyri þar sem vaktmenn fylgjast með öllum kvíum Arctic Sea Farm.

Allur dauðfiskur er háfaður daglega úr kvíum og settur í meltugeymi sem staðsettur er á

fóðurprammanum. Geymirinn er síðan tæmdur yfir í dæluskip sem flytur meltuna til Noregs. Samningur er við Arctic Protein um móttöku meltunnar. Engin mengandi efni hafa verið notuð, utan maurasýru til meltugerðar og olíu á skip og tæki. Allur annar úrgangur fer til móttökustöðvar Kubbs. Skv. gr. 3.9 í starfsleyfi skal rekstraraðili útbúa áætlun um meðhöndlun úrgangs og vinna samkvæmt henni. Þessi áætlun hefur ekki verið gerð og er rekstraraðili minntur á að vinna hana og skila til eftirlitsaðila við fyrsta tækifæri. Ábending er gerð þar um.

Grunnmæling var gerð í maí sl. af Akvaplan Niva og hefur skýrslan fyrir Hvestudal verið send eftirlitsaðila. Skýrslan fyrir Lækjarbót verður send eftirlitsaðila um leið og hún berst rekstraraðila. Engar ábendingar eru settar fram vegna mælinganna í Hvestudal en svæðið fékk einkunnina 1 „Mjög gott“. Skýrslan er aðgengileg á heimasvæði rekstraraðila á vefsíðunni www.ust.is. Vöktunaráætlun rekstraraðila þarf að uppfæra m.t.t. þeirra eldissvæða sem heimild er fyrir skv. starfsleyfi. Í innsendri vöktunaráætlun er gert ráð fyrir staðsetningu við Trostansfjörð en sú staðsetning er ekki tilgreind í starfsleyfinu.

Sigt var út að kvíum við Hvestudal og staðsetning þeirra könnuð. Sigt var í kringum fóðurpramma og litið yfir staðsetningu meltugeymis. Engar ábendingar eru gerðar þar um. 9 kvíar voru á svæðinu. Enga nótapoka sem innihalda ásæturvarnir með koparoxíð var að sjá í kvíahringjunum, enda ekki heimild fyrir því í starfsleyfinu. Sjóttækni ehf. þjónustar kvíarnar fyrir rekstraraðila.

ÁBENDINGAR

Ábending er sett fram vegna gr. 3.9 í starfsleyfi þar sem áætlun um meðhöndlun úrgangs vantar. Ábending er einnig sett fram vegna vöktunaráætlunar en hana þarf að uppfæra m.t.t. þeirra eldissvæða sem heimiluð eru í starfsleyfi.

ANNAÐ

Sniðmát áætlunar vegna rekstrarstöðvunar fylgdi fundarboðinu og er rekstraraðili beðinn um að hafa það til hliðsjónar við næstu uppfærslu áætlunarinnar. Einnig var kynning um stjórnvaldssektir send með fundarboðinu og rekstraraðili beðinn um að kynna sér hana.

Engar kvartanir hafa borist, hvorki rekstraraðila né eftirlitsaðila frá síðasta eftirliti og engin mengunaróhöpp hafa orðið frá því starfsemin hófst.

Reykjavík, 15.09.2022

1 Frávík: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.


Guðbjörg Stella Arnadóttir